

Foreldraráð 2025–2026

Fundargerð – 3. mars 2026 kl. 15:30

Fundarstaður: Leikskólinn Núpur

Mættir:

Svana Kristinsdóttir, leikskólastjóri

Ísabella María Markan, sérkennslustjóri

Ólöf Rún Ásgeirsdóttir, foreldri

Hrafnhildur Sverrisdóttir, foreldri

Lilja Birgisdóttir, foreldri

Auður Hanna, foreldri

Skráning fyrir næsta skólaár

Í upphafi fundar voru ræddar skráningar fyrir næsta skólaár og úthlutunarpóstur sem sendur var til foreldra. Svana upplýsti að síðasti dagur til að skrá flutning í annan skóla væri 5. mars fyrir úthlutn næsta haust. Þeir sem sækja um eftir það geta átt von á að þurfa að bíða eftir flutningi.

Matráður í leyfi og mannauðsmál

Matráður leikskólans er kominn í veikindaleyfi. Aðstoðarmatráður hefur tekið að sér að elda á meðan. Unnið er að ráðningu tímabundins starfsmanns aðstoðarmanns. Aðrir starfsmenn hafa stutt vel við og hjálpað til eftir þörfum.

Varðandi aðra mönnun sagði Svana að samkvæmt upplýsingum frá bænum væri leikskólinn formlega yfirmannaður en starfsmenn upplífi það ekki endilega þannig í daglegu starfi þar sem mjög oft vanti einhvern til starfa vegna veikinda eða annarra forfalla.

Mórall meðal starfsfólks var ræddur. Svana greindi frá því að starfsandi hefði dalað hratt eftir áramót. Yfirmenn hafi brugðist við með markvissum samræðum við smærri starfsmannahópa til að greina rót vandans og finna lausnir. Áframhaldandi vinna verði unnin á næstu vikum, meðal annars á næsta starfsdegi þar sem haldið verður áfram að vinna með þessi mál.

Átaksverkefni

Svana kynnti farsældarverkefnið fyrirhugaða farsældarviku, vikuna 9.-13. mars. Tölvupóstur verður sendur út 04.03.2026 á alla foreldra þar sem tengiliðir verkefnis eru tilgreindir.

Einnig var kynnt verkefnið **Bókavogur**, samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana í Kópavogi sem miðar að því að efla læsi. Fram undan er að búa til „lest“ eða „orm“ á veggjum leikskólans, svipað og beinin hans Lubba, þar sem fylgst verður með hversu langa/stóra lest eða orm leikskólinn getur búið til með þátttöku barnanna

Námsskrá og starfsáætlun

Námsskrá leikskólans er enn í vinnslu. Nokkrar frekari athugasemdir bárust eftir fyrstu yfirferð og er nú verið að vinna að lagfæringum og betrumbótum. Þegar námsskráin verður tilbúin verður hún send foreldraráði til yfirlestrar.

Starfsáætlun hefur fengið nýtt verklag og þarf að skila inn áætlun fyrir næsta ár í júní. Upp úr páskum þarf því að hefja mikla vinnu við að ljúka starfsáætluninni. Hægt verður að klára meginefni áætlunar en lokamat á innra starfi verður unnið í maí.

Námsferð 2027:

Í skoðun er að starfsfólk á Núpi fari í námsferð árið 2027. Gert er ráð fyrir að setja inn einn auka skipulagsdag vegna ferðarinnar, með samþykki foreldraráðs. Um er að ræða námskeið í Danmörku um frjálstan leik. Málið er í skoðun og foreldrar verða upplýstir frekar þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

Fundarlok

Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritar: Ólöf Rún Ásgeirsdóttir